HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 28. september 2026
Mál nr. 2609070 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, 5. mál.

Á 1291. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 28. september 2026 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, 5. mál, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð Húnaþings vestra veitti umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál á 157. löggjafarþingi, þann 23. mars 2026. Sjá hér. Nú hefur frumvarpið verið lagt fram að nýju. Byggðarráð fagnar áframhaldandi endurskoðun sveitarstjórnarlaga með það að markmiði að skýra lagaumhverfi og efla stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðið telur þó að eftirfarandi athugasemdir úr fyrri umsögn þess eigi enn við.

15. gr. – staðsetning sveitarstjórnarfunda
Samkvæmt frumvarpinu skal halda fundi sveitarstjórnar innan staðarmarka sveitarfélags nema óviðráðanlegar aðstæður geri það ómögulegt. Byggðarráð ítrekar að upp geta komið málefnalegar ástæður til að halda fund utan sveitarfélags án þess að um óviðráðanlegar aðstæður sé að ræða. Ráðið leggur til að sveitarstjórn fái svigrúm til að ákveða slíkan fundarstað komi upp sérstakar aðstæður, enda sé tryggt að fundurinn sé auglýstur og að reglum um aðgang almennings að opnum fundum sé fylgt.

30. gr. – aðgangur kjörinna fulltrúa að starfsstöðvum
Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að kjörnir fulltrúar geti áfram óskað eftir að kynna sér starfsstöðvar sveitarfélagsins í samráði við stjórnendur. Sú regla kemur hins vegar ekki fram í lagatextanum sjálfum. Byggðarráð ítrekar tillögu sína um að hún verði tekin upp í 30. gr. Með því verði bæði réttur kjörinna fulltrúa og nauðsynlegt samráð við stjórnendur skýr.

72. og 74. gr. – fjárhagsleg viðmið og áhrifamat
Byggðarráð fagnar því að viðmið um heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta sé áfram 130% af heildartekjum. Ráðið ítrekar jafnframt mikilvægi þess að reglur um mat á langtímaáhrifum fjárhagslegra ákvarðana taki mið af ólíkum aðstæðum sveitarfélaga.

Samkvæmt 74. gr. þarf að meta fjárhagsleg áhrif ákvörðunar sem nemur hærri fjárhæð en 10% af heildartekjum sveitarfélagsins á komandi fjárhagsári. Nemi ákvörðunin 20% eða meira skal fá sérfróðan aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu til að gera matið. Byggðarráð telur mikilvægt að nánari reglur og undanþágur samkvæmt ákvæðinu tryggi að framkvæmd þess verði hófleg og raunhæf fyrir sveitarfélög af ólíkri stærð. Áhrifamat þarf jafnframt að geta tekið tillit til þess þegar fjárfesting er nauðsynleg til að sinna lögbundnu verkefni eða er líkleg til að skila auknum tekjum til lengri tíma.

110. gr. – álag á raunkostnað við samstarf sveitarfélaga
Byggðarráð fagnar því að skýrar sé kveðið á um samninga þegar eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni annars. Ráðið ítrekar þó athugasemd sína við heimild þjónustuveitandi sveitarfélags til að bæta álagi við raunkostnað án þess að skýr takmörk séu sett í lagagreininni. Í greinargerð er útskýrt hvaða óbeini kostnaður og áhætta geti réttlætt álagið, en sú afmörkun kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu.

Byggðarráð leggur til að í 110. gr. verði tilgreint hvaða kostnaðarliðir geti fallið undir álagið og að sett verði skýr viðmið eða hámark um fjárhæð þess. Það myndi auðvelda sveitarfélögum að gera gagnsæja samninga og draga úr ágreiningi um kostnaðarskiptingu.

Að öðru leyti vísar byggðarráð til fyrri umsagnar sinnar um málið. Ráðið áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri við meðferð frumvarpsins og er tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.